

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um umferðarlagabrot
erlendra ferðamanna.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvað hyggst ráðherra gera til þess að koma í veg fyrir að erlendir ferðamenn, sem sektaðir hafa verið vegna umferðarlagabrota, fari úr landi án þess að fullnægjandi greiðslur á sektum hafi borist eða fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu þeirra?
2. Í hverju felast fullnægjandi tryggingar að mati ráðherra og telur ráðherra að tryggingarnar hafi reynst fullnægjandi hingað til?

Skriflegt svar óskast.